

# Héraðsdómur Reykjavíkur

## D Ó M U R

1. júlí 2021

Mál nr. 1742/2021

**Menntasjóður námsmanna**  
(*Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson lögmaður*)

**gegn**

**A o.fl.,**  
(*Ívar Þór Jóhannsson lögmaður*)

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta, sem höfðað er 17. janúar 2021 og þingfest 23. mars 2021, var dómtekið eftir aðalmeðferð þess 15. júní sl. Stefnandi er Menntasjóður námsmanna, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Stefnt var þremur einstaklingum sameiginlega til greiðslu skuldar við stefnanda en útivist varð af hálfu stefndu C og B og verður málið því tekið til dóms hvað þær varðar á grunni 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi A, [...], [...], tekur hins vegar til varna.

2. Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda sameiginlega (in solidum) 2.141.866 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 136.487 kr. frá 1. mars 2019 til 30. nóvember 2020, en af 2.141.866 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

3. Stefndi A krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

4. Stefndi A gaf skýrslu fyrir dómi.

### **Málsatvik**

5. Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu C sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-077236 19. september 2008, upphaflega að fjárhæð 1.761.376 kr. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysliverðs. Forsendur fyrir skuldinni og útreikningi hennar koma fram í bréfinu og er ekki gerður ágreiningur um hann.

6. Með áritun á skuldabréfið tókust stefndu B og A á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins til tryggingar skilvísri greiðslu á höfuðstól, hvort um sig fyrir allt að fjárhæð 7.000.000 kr.

7. Í framangreindu skuldabréfi kemur fram að lánveitanda skuli heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga „fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar“ ef vanskil eru veruleg.

8. Stefndi A vísar til þess í lýsingu málavaxta að gögn málsins virðist bera með sér að ábyrgðarmanninum B hafi verið send innheimtuviðvörðun 15. mars 2019, þar sem fram hafi komið að henni væri heimilt að greiða gjaldfallna gjalddaga án dráttarvaxta og kostnaðar innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins. Stefndi A kveðst ekki hafa móttekið slíkt bréf og því ekki hafa verið tilkynnt um gjaldfellingu lánsins eða einstakra gjalddaga þess fyrr en með tilkynningu dagsettri 30. október 2020 sem lögð er fram í málinu.

9. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu C 29. júní 2014, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru að hans sögn námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu C að sögn stefnanda færð á skuldabréf nr. G-077236, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr.

skilmála í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur að sögn stefnanda verið í vanskilum síðan 1. mars 2019 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga 30. október 2020.

10. Með lögum nr. 60/2020 var nafni stefnanda, sem áður hét Lánasjóður íslenskra námsmanna, breytt í Menntasjóður námsmanna.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

11. Stefnandi byggir á því að stefnda C hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-077236 skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Stefnandi byggir á því að stefndu B og A hafi með áritun sinni á skuldabréfið samþykkt að bera sjálfskuldarábyrgð á láninu og þar með lofað stefnanda skilyrðislausri greiðslu skuldarinnar yrðu vanskil af hálfu aðalskuldara lánsins. Stefnandi leggur áherslu á að ábyrgðarmenn séu skuldbundnir samkvæmt ábyrgðarloforði allan lánstímann og sú ábyrgð hafi ekki fallið niður við gildistöku laga nr. 60/2020 líkt og stefndi byggi á þar sem lánið hafi þá verið í vanskilum.

12. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

13. Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga og meginreglu kröfuréttar um skuldbindingargildi ábyrgðaryfirlýsingar. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

14. Stefndi A telur ábyrgð sína á umræddu skuldabréfi hafa fallið niður við gildistöku laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, þann 1. júlí 2020, en samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laganna hafi lögin öðlast gildi og komið til framkvæmda við umrætt tímamark.

15. Við gildistöku laganna hafi fallið niður ábyrgðir á námslánnum, teknum í tíð eldri laga, enda væri lánþegi í skilum við stefnanda, sbr. 1. mgr. ákvæðis nr. II til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna. Vísar stefndi sérstaklega til skýringa með ákvæðinu í greinargerð með frumvarpi til laganna.

16. Jafnframt komi fram í frumvarpinu skýring á 2. mgr. ákvæðis nr. II til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020 þar sem fram komi sams konar regla varðandi niðurfellingu á ábyrgð ábyrgðarmanna við andlát og feli hún í sér að slíkar ábyrgðir falli niður ef lánþegi er í skilum við stefnanda.

17. Með hliðsjón af þessu telur stefndi A ljóst að ábyrgð hans hafi fallið niður við gildistöku laga nr. 60/2020, enda hafði stefnandi á þeim tímapunkti ekki gjaldfellt ábyrgðina, svo gilt væri gagnvart honum. Það hafi ekki gerst fyrr en þann 30. október 2020, þ.e. eftir gildistöku laganna.

18. Af efni skuldabréfsins sem stefndi A gekkst í ábyrgð fyrir, megi finna það orðalag að stefnanda skuli heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga „fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar“ ef vanskil eru veruleg. Hæstiréttur Íslands hafi talið slíkt orðalag fela það í sér að gjaldfelling verði ekki sjálfkrafa við vanskil, heldur verði kröfuhafi að tilkynna skuldara um beitingu gjaldfellingarúrræðis til þess að ákvöðin gildi gagnvart skuldara. Í því máli, nr. 655/2009, komi jafnframt fram að innheimtubríf þar sem fram kemur orðalagið: „höfuðstóll, gjaldfelldur“ fullnægi ekki skilyrði reglunnar um tilkynningu, ef ekki er lýst yfir gjaldfellingu skuldarinnar eða greint frá ástæðu þess að svo sé komið.

19. Ekki megi ráða af stefnu málsins hvort stefnandi telji innheimtuviðvörðun 19. mars 2019 fela í sér tilkynningu um gjaldfellingu í framangreindum skilningi. Ítrekað sé að stefndi A hafi aldrei fengið tilkynningu um gjaldfellingu eða slíka innheimtuviðvörðun fyrir gildistöku laganna.

20. Af þessu sé ljóst að ábyrgðin hafi ekki verið í gjalddaga fallin gagnvart stefnda A fyrr en hann móttók tilkynningu um gjaldfellingu í október 2020. Því hafi ábyrgð hans fallið niður þann 1. júlí 2020 við gildistöku laga nr. 60/2020 um Menntasjóð

námsmanna, sbr. 1. mgr. ákvæðis nr. II til bráðabirgða í lögnum. Beri af þeirri ástæðu að fallast á kröfu stefnda A um sýknu í málinu.

21. Kröfu stefnanda um málskostnað er mótmælt en krafa stefnda A um málskostnað er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða**

22. Ljóst er eftir aðalmeðferð málsins að ágreiningslaust er að lán það sem hér um ræðir hafði ekki verið gjaldfellt þegar lög nr. 60/2020 um stefnanda, sem áður var Lánasjóður íslenskra námsmanna, tóku gildi 26. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí það ár. Hins vegar hefur ekki verið gerður ágreiningur um að gjalddagi lánsins 1. mars 2019 var ógreiddur og lánið var gjaldfellt 30. október 2020.

23. Í framangreindum lögum er svofellt ákvæði í II. grein bráðabirgðaákvæðis laganna:

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Sama gildir um ábyrgðir á námslánum sem eru í óskiptum dánarbúum og ábyrgðaryfirlýsingar fjármálafyrirtækja.

24. Af málatilbúnaði aðila verður glöggt ráðið. sbr. framangreint. að ágreiningur sá sem hér er til úrlausnar snýst um það hvort þetta skilyrði fyrir niðurfellingu ábyrgðar hafi verið uppfyllt í málinu. Stefndi byggir á því að þar sem skuldin hafi ekki verið gjaldfelld við gildistöku laganna hafi hún ekki verið í vanskilum gagnvart honum og því ábyrgð hans niðurfalinn þar sem því skilyrði hefði verið fullnægt að krafa sem um ræðir væri í skilum af hans hálfu hvað eftirstöðvar hennar áhrærði. Lögmaður stefnanda er á öndverðum meiði og segir þessu skilyrði ekki fullnægt og ábyrgðin sé því í fullu gildi vegna lánsins alls. Þannig hefði í raun, miðað við svör lögmanns stefnanda við spurningu dómara við aðalmeðferð, dugað til svo ábyrgðin héldist að greiðsla vegna gjalddaga jafnvel nokkrum dögum fyrir gildistöku laganna væri ógreidd, jafnvel þótt slík vanskil væru ábyrgðarmönnum ekki kunn. Í því sambandi verður því einnig slegið föstu að ósannað verður talið að stefnda hafi verið kunnugt um að vanskil væru á framangreindum gjalddaga, burtséð frá þýðingu þess fyrir

úrlausn málsins en einnig að hinum ábyrgðarmanninum hafi líkast til verið a.m.k. send tilkynning um þau vanskil.

25. Dómurinn telur ekki tækan þann skýringarkost að það að lánþegi hafi við gildistöku laganna átt eftir að greiða einn eða eftir atvikum fleiri gjalddaga láns þýði sjálfkrafa að ábyrgð ábyrgðarmanna haldist óbreytt áfram fyrir öllu láninu.

26. Til stuðnings því verður horft til þess að samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga nr. 60/2020 sagði um framangreint bráðabirgðaákvæði laganna:

Í ákvæðinu er útfærð nánar sú framkvæmd að hver lánþegi sé sjálfur ábyrgur fyrir endurgreiðslum á eigin námslánum, að uppfylltum skilyrðum sjóðstjórnar. Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum, teknum í tíð eldri laga, fellur niður við gildistöku frumvarps þessa enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og ekki á vanskilaskrá. Miðað er við að lánþegi sé í skilum við Lánasjóðinn á því námsláni sem ábyrgðarmaðurinn er í ábyrgð fyrir við gildistöku laganna. Hafi ábyrgð fallið á ábyrgðarmann fellur ábyrgð hans ekki niður samkvæmt þessu ákvæði ....

.....Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við meginreglu laganna um að hver lánþegi skuli vera ábyrgur á sínum lánum þannig að ef lánþegi er í skilum við sjóðinn á dánardegi ábyrgðarmanns skal ábyrgðin falla niður. Með ákvæðinu er átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki eru fallnar í gjalddaga skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns. Þessi regla er í samræmi við reglu sem lengi hefur gilt um lánþegann sjálfan, þ.e. að skuld hans falli niður við andlát en erfist ekki. Þegar svo stendur á þarf lánþegi ekki að fá annan ábyrgðarmann enda er ekki lengur gerð krafa um ábyrgðarmenn námslána nema í undantekningartilfellum.

27. Þarna endurspeglast sú þróun sem hefur verið viðvarandi, a.m.k. frá gildistöku laga nr. 78/2009 sem breyttu lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, að hætta ábyrgðarmannakerfi námslána og samhliða því að draga úr ábyrgð þeirra ábyrgðarmanna sem fyrir eru á eldri lánum eða fella slíka ábyrgð með öllu niður.

28. Af framangreindu orðalagi verður einnig dregin sú ályktun að eitthvað verði að koma til. Ekki dugi þannig að lánþegi sé í vanskilum með lán ef það er annað lán eða

önnur en það sem viðkomandi ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir. Jafnframt segir að ábyrgð falli ekki niður „hafi ábyrgð fallið á ábyrgðarmann“.

29. Alla jafnan felst það í sjálfskuldarábyrgð á kröfu að hún verður virk þegar við vanskil aðalskuldara. Þá er fyrir hendi lagagrundvöllur til að kalla eftir efndum samkvæmt ábyrgðarloforðinu. Hins vegar verður sú krafa gerð í kröfusambandi eins og hér um ræðir að ábyrgðarmaður verði ekki gerður ábyrgur fyrir eftirstöðum skuldarinnar, í þeim skilningi að leitað verði fullnustu hennar hjá honum, nema undir þeim kringumstæðum að krafan hafi áður verið öll gjaldfelld, en óumdeilt er að það hafi gerst í máli þessu í lok október 2020 eða um fjórum mánuðum eftir að lög nr. 60/2020 höfðu réttarverkan. Samkvæmt almennum reglum og því skuldabréfi sem hér liggur til grundvallar hefði stefnandi því a.m.k. fram að gildistöku laganna vafalaust getað gengið að ábyrgðarmanni skuldarinnar vegna þeirra gjalddaga sem í vanskilum voru, sbr. ákvæði um að einstakar endurgreiðslur lánsins séu aðfararhæfar hjá bæði aðalskuldara og ábyrgðarmönnum. Eins og staðan var hins vegar á þeim tíma gat kröfuhafinn, stefnandi, ekki gengið að ábyrgðarmönnum lánsins fyrir eftirstöðum kröfunnar, þ.e. einnig fyrir ógjaldföllnum afborgunum, þótt vissulega væru þeir í ábyrgð fram að þeim tíma.

30. Eins og að framan greinir var í athugasemdum með frumvarpinu talað um að ábyrgð félli niður ef aðalskuldari væri í skilum, en hefði ábyrgð fallið á ábyrgðarmann félli sú ábyrgð ekki niður. Af þessu verður gagnályktað á þann veg að ábyrgðarmenn skuldarinnar hafi losnað undan ábyrgð á þeim hluta skuldar sem ekki var í vanskilum við gildistöku laganna, í ljósi þess að skuldin hafði ekki verið gjaldfelld á þeim tíma og framtíðargjalddagar eðli máls samkvæmt ókomnir og í skilum. Til frekari stuðnings því á hvaða vegferð löggjafinn er þarna er beinlínis tekið fram í skýringum við hina svokölluðu dánarreglu að þar sé átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki séu fallnar í gjalddaga skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns, sbr. og reglu 2. mgr. 16. gr. laganna.

31. Stefnandi hefur vísað til þess að felld hafi verið úr upphaflegu frumvarpi að skilyrði fyrir niðurfellingu ábyrgðar yrði að lánþegi mætti ekki vera á vanskilaskrá og látið við það sitja að krafan mætti ekki vera í vanskilum lánþega, við gildistöku

laganna. Það gefi eindregna vísbendingu um að vanskil lánþega ein og sér, hversu lítil sem þau eru girði með öllu fyrir niðurfellingu ábyrgðar, líkt og verið hefði ef lánþegi væri á vanskilaskrá, ef framangreind breyting hefði ekki verið gerð, í raun burtséð frá því hver vanskilin væru eða áhrif þeirra á kröfusambandið við stefnanda hverju sinni. Þótt hægt væri að túlka þessa breytingu með þessum hætti, stefnanda í hag, mætti allt eins líta svo á að með breytingunni frá frumvarpsdrögum til lagatexta, hafi tilgangurinn allt eins verið sá að tryggja með betri hætti þá ívilnun sem í breytingunum átti að felast ábyrgðarmönnum til hagsbóta. Ákvæði laganna og önnur sjónarmið úr lögskýringargögnum gefa það enda til kynna.

32. Tekið skal þannig undir niðurstöðu hliðsetts dómara við þennan dómstól í máli nr. E-6843/2020 sem upp var kveðinn 19. maí sl. þar sem sagði, að þessu leyti um með öllu eins sakarefni:

Að mati dómsins þá verður að láta stefnda njóta þess vafa sem uppi er um túlkun á umræddu ákvæði í 1. mgr. bráðabirgðarákvæðis nr. II í lögum nr. 60/2020. En sá skýringarkostur fellur enn fremur, að mati dómsins, betur að yfirlýstum markmiðum með setningu laga nr. 60/2020, þar sem ábyrgðir heyra nú til undantekninga, og stefnandi neytti ekki heimildar til gjaldfellingar lánsins áður en hin nýju lög tóku gildi.

33. Í ljósi framangreindrar réttarþróunar og markmiðs löggjafans telur dómurinn að ef minnstu vanskil aðalskuldara á láni líku því sem hér er fjallað um hefðu átt að hafa þau gríðarlega íþyngjandi áhrif á réttarstöðu ábyrgðarmanna sem stefnandi kys að byggja á, andspænis þeim miklu ívilnandi áhrifum löggjafarinnar á væntanlega meginþorra allra þeirra sem í ábyrgðum voru við gildistöku laganna, hefði verið nauðsynlegt að kveða með mun skýrari hætti á um það. Það hefur löggjafinn ekki gert og ekki er hægt að fallast á að lögskýringargögn gefi afdráttarlausu leiðbeiningu um það hvernig túlka eigi þessa reglu og áhrif hennar þannig að sé í samræmi við málátlíbúnað stefnanda, heldur í raun þvert á móti. Þannig verður ekki séð að löggjafarviljinn hafi staðið til þess að tæknilega séð hefðu löggin engin áhrif á réttarstöðu ábyrgðarmanna í þeim tilvikum þar sem gjalddagi væri ógreiddur og skuldin þannig í vanskilum í einhverjum skilningi, eins og stefnandi raunverulega byggir á. Sú túlkun er að mati dómsins ekki tæk.

34. Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að grundvöllur sé hér ekki fyrir hendi til þess að fallast megi á óbreyttar dómkröfur stefnanda á hendur stefnda, A, heldur hafi ábyrgð hans á ógjaldföllnum eftirstöðum lánsins sem hér er til umfjöllunar fallið niður við gildistöku laga nr. 60/2020. Verður stefndi því sýknaður af dómkröfum stefnanda utan þess að stefndi verður dæmdur til að greiða sameiginlega (in solidum) með öðrum stefndu þá fjárhæð sem sannanlega var gjaldfallin við gildistöku laganna og þá í vanskilum eftir því sem best verður séð. Samkvæmt gögnum málsins nam gjaldfallin afborgun skuldarinnar 136.487 kr. og verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð með dráttarvöxtum frá gjalddaga.

35. Útivist er af hálfu aðalskuldara og hins ábyrgðarmannsins. Um þann ábyrgðarmann verður að telja að sömu sjónarmið gildi og stefnda A. Verður ábyrgð hennar því einnig bundin við þá fjárhæð sem í gjalddaga var fallin við gildistöku laganna en litið svo á að ábyrgð hennar á eftirstöðum skuldarinnar hafi fallið niður með sama hætti og ábyrgð stefnda A.

36. Greiðsluskylda stefndu C liggur hins vegar að mati dómsins hér ótvírætt fyrir og verður fallist á dómkröfur stefnanda hvað hana varðar, eins og nánar greinir í dómsorði, þar með talinn málskostnað með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sem tekur mið af framlögðum málskostnaðarreikningi og telst hæfilegur 300.000 krónur.

37. Stefnanda verður, með vísan til meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, gert að greiða stefnda, A, 900.000 krónur í málskostnað, en við ákvörðun hans er tekið mið af hagsmunum og umfangi málsins auk þess að horft er til framlagðs málskostnaðaryfirlits lögmanns hans.

38. Málskostnaður milli stefndu B og stefnanda fellur niður.

39. Það athugast að dómurinn fær ekki séð að nokkur munur sem skiptir máli sé á því úrlausnarefni sem hér er til meðferðar og því sem lauk með dómi í framangreindu máli nr. E-6843/2020 og fyrir liggur að hefur nú þegar verið áfrýjað til Landsréttar. Þrátt fyrir það verður ekki vikist undan því að fella dóm á málið að kröfu stefnanda,

m.a. með vísan til málshraðareglu, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 73/2014.

40. Málið fluttu Kristján Þorbergsson lögmaður fyrir stefnanda, og Ívar Þór Jóhannsson lögmaður fyrir stefnda A.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **D ó m s o r ð**

Stefnda, C, greiði stefnanda, Menntasjóði námsmanna, 2.141.866 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 136.487 krónum frá 1. mars 2019 til 30. nóvember 2020, en af 2.141.866 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda C skal greiða stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

Stefndu, A og B, greiði sameiginlega stefnanda 136.487 krónur auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. mars 2019 til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefnda A 900.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður milli stefndu B og stefnanda fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson

-----  
Rétt endurrit staðfestir, Héraðsdómi Reykjavíkur 1. júlí 2021